

## AUKAVERKANIR BÓLUSETNINGAR

### Vægar aukaverkanir

Bólusetningum fylgja oft vægar aukaverkanir eins og roði og bólga á stungustað sem hverfur að sjálfur sér. Einnig getur fylgt tímabundin vanlíðan og niðurgangur. Við vægum aukaverkunum má gefa barnaskammt af paracetamóli og má endurtaka það á 4-6 klst. fresti næsta sólarhringinn. Ekki er þörf á að heilbrigðisstarfsfólk tilkynni vægar aukaverkanir til sóttvarnalæknis eða Lyfjastofnunar.

### Alvarlegar aukaverkanir

Heilbrigðisstarfsfólki er aftur á móti skylt að tilkynna hugsanlegar alvarlegar aukaverkanir til sóttvarnalæknis og til Lyfjastofnunar. Foreldrar geta einnig tilkynnt hugsanlegar aukaverkanir bólusetninga til sóttvarnalæknis. [Skráning aukaverkana - eyðublað](#)

Alvarlegar aukaverkanir eins og bráðaofnæmi, blóðþrýstingsfall eða dauði af völdum þeirra bóluefna sem notuð eru á Íslandi eru mjög fátíðar, en búast má við að sjá eitt slíkt tilfelli hér á landi á u.þ.b. 30 ára fresti. Við mat á bóluefnum þarf ætíð að meta afleiðingar þess sjúkdóms sem bólusett er gegn og aukaverkana bóluefnisins.

| Afleiðingar sjúkdómanna  | Afleiðingar bólusetningar   |
|--|---|
| <b>MISLINGAR:</b><br><u>Lungnabólga:</u> 1 af 20<br><u>Heilabólga:</u> 1 af 2000<br><u>Dauði:</u> 1 af 3000 í vestrænum heimi, 1 af 5 í þróunarlöndum.<br>Árlega deyr tæplega 1 milljón í heiminum<br><br><b>HETTUSÓTT:</b><br><u>Heilabólga:</u> 1 af 300.<br><br><b>RAUÐIR HUNDAR:</b> <u>Fósturskemmdir:</u> 1 af 4 (ef móðir sýkist snemma á meðgöngu) | <b>MMR</b> (mislingar-hettusótt-rauðir hundar):<br><u>Heilabólga</u> eða alvarleg ofnæmisviðbrögð: 1 af 1.000.000.<br><br><u>Fækkun blóðflagna:</u><br>1 af 500.000.<br><br><u>Liðbólgur:</u> 1 af 300.000<br><br>Engin tengsl notkunar MMR við einhverfu, heilaskaða, þarmabólgu eða sykursýki |
| <b>BARNAVEIKI:</b><br><u>Dauði:</u> 1 af 20<br><br><b>STÍFKRAMPI:</b><br><u>Dauði:</u> 3 af 100<br><br><b>KIKHÓSTI:</b><br><u>Lungnabólga:</u> 1 af 8<br><u>Heilabólga:</u> 1 af 20<br><u>Dauði:</u> 1 af 200  | <b>DTP</b> (barnaveiki-stífkrampi-kikhósti):<br><br><u>Mikill grátur:</u> 1 af 100<br><u>Krampar eða blóðþrýstingslækkun með fullum bata:</u> 1 af 1750<br><u>Truflun á heilastarfsemi:</u><br>0-10 af 1.000.000<br><br>Engin tengsl notkunar DTP við heilaskaða, einhverfu eða vöggudauða      |
| <b>MENINGÓKOKKAR C</b><br><u>Dauði:</u> 1 af 10<br><u>Heilaskaði og drep í húð:</u> 1 af 5   | <u>Bráðaofnæmi:</u><br>1 af 500.000<br><u>Liðbólgur, húðblæðingar:</u><br>1 af 1.000.000  |
| <b>HAEMOFILUS INFLUENZAE B:</b><br><u>Heilahimnubólga og blóðsýking:</u><br><u>Dauði:</u> 1 af 10  | Engar afleiðingar og engin tengsl við fækkun blóðflagna, taugaskaða, bráðaofnæmi né krabbamein.   |
| <b>MÆNUSÓTT</b><br><u>Lamanir:</u> 1 af 100-1.000  | Engar afleiðingar og engin tengsl við taugaskaða né bráðaofnæmi   |

Heimild: Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO)